



Fundargerð 24. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 17. október 2023 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fundinn sat einnig Björgvin Jónsson (BJ) starfsmaður AKÍS

Fjarverandi: aðalmaður, varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Fundargerð auka stjórnarfundar

Lögð var fram fundargerð aukafundar sem haldinn var 13. október s.l. vegna vandræða sem upp voru kominn varðandi staðsetningu á verðlaunaafhendingu Íslandsmeistaratitla.

Fundargerðin var samþykkt.

2. Formannafundur

TMP fór yfir dagskrárliði samkvæmt lögum og lagði til nokkur önnur atriði sem vert væri að ræða á fundinum. Fundarmenn voru sammála að viðkomandi málefni yrðu til umræðu og óskuðu eftir gögnum um þau til að kynna sér.

Almenn netkosning á Akstursíþróttafólki ársins er enn ekki farin í loftið. Innan við þrjár vikur eru í þá dagsetningu sem ákveðin hefur verið fyrir verðlaunaafhendinguna og því ljóst að ekki tekst að uppfylla reglugerðina um hvenær kosningin skuli hefjast.

Kosningin á að geta farið í loftið síðar í kvöld og ákvað stjórnin að halda sig við að afhendingin verði 4. nóvember, en kosningin verði opin til og með 1. nóvember.

AHH og HRR komu til fundarins undir þessum lið.

3. Lokahóf

JPJ fór yfir upplýsingar varðandi verð og aðstöðu á Garðavelli á Akranesi. KV fór yfir ýmis atriði sem þegar hafa verið gerð og einnig var rætt um ýmis önnur atriði s.s. verðlaun, skemmtiatriði, miðasölu o.fl.

Ákveðið að JPJ, TMP, KV og HRR ásamt BJ sjái um nánari skipulagningu.

4. Barna- og unglingastarf

KV og JPJ var falið á 16. stjórnarfundum þann 18. júlí s.l., ásamt BJ, að koma með tillögur að hvernig barna- og unglingastarf aðildarfélaganna AKÍS gæti verið háttað til skemmri og lengri tíma.

JPJ fór yfir það sem rætt hefur verið í hópnum og lagði til að á formannafundinum verði málið kynnt og lagt upp með að stjórn vinni það lengra með þátttöku aðildarfélaganna.



Fundarmenn fögnuðu fram komnum hugmyndum og voru sammála um að málið yrði lagt upp með sambærilegum hætti og JÞJ lagði til.

5. FIA Motorsport Games 2024

Ákveðið að auglýsa eftir áhugasömum þátttakendum með frétt á heimasíðu sambandsins og samfélagsmiðlum.

6. Styrkir í þágu farsældar barna

Áframsent var til aðildarfélaganna bréf frá ÍSí þar sem vakin var athygli á mögulegu styrkjum frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu varðandi farsæld barna.

7. Keppnisdagatal 2024

Vel hefur gengið að fá skráningar inn í miðlægt skjal varðandi keppnir næsta árs en þó hafa engar keppnir í rally verið skráðar þar inn ennþá. TMR mun á næstu dögum hafa samband við formenn þeirra aðildarféлага sem haldið hafa rally keppnir undanfarin ár og kanna hvort ekki megi vænta skráninga frá þeim tímanlega fyrir formannafund.

8. Önnur mál

Heimasíðan - JÞJ vakti athygli á að lítið sé um nýlegt efni inni á heimasíðu sambandsins.

Næsti fundur 31. október kl. 19.30 á Zoom

Fundi slitið kl. 21.42